

hingað reikning, er saminn sè samkvæmt því, sem nú var sagt, 1869.
um útgjöld yðar á tæðri embættisferð, þau er ekki verða heim- 29. janúar.
færð undir ferðakostnað, og mun þá upphæð þeirri, sem yður
ber, verða ávísað eins og þér hafið bedið um.

4. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins 29. janúar. yfir Íslandi, um lán til vegabóta í suðuramtinu.

Í bréfi dagsettu 2. septembermán. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá um viðgjörð þá á helztu þjóðveg-
unum í suðuramtinu, sem byrjað var á árið 1868; má þaraf
sjá, að af þjóðveginum, sem liggur úr Reykjavík austur að
ferjunni á Laugardælum, er búið að koma hér um bil fjórða
eða fimmta partinum í lögboðið stand, og að til þessa hefir
gengið helmingurinn af öllu vegabótagjaldinu úr amtinu árið
1868. Þaræð ekki getur eptir þessu orðið lokið við þenna
þjóðveg á skemmri tíma en 2 eða 3 árum með þeim efnum,
sem vegabótasjóðurinn hefir til umráða, en það þó hins vegar
væri mjög svo æskilegt, að honum nú þegar í ár yrði komið í
lögboðið stand, þá hafið þér, herra stiptamtmaður, farið þess
á leit, að yður verði veitt heimild til, ef nógir fást vinnu-
kraptar, og veður verður til að gjöra meiri vegabætur að vori
komandi á þessum þjóðvegi, heldur en efni vegabótasjóðsins
sjálfs hrökkva til að borga, þá að taka allt að 2000 rd. að
láni fyrir hönd vegabótasjóðsins annaðhvort hjá einstökum
mönnum, eða, ef það fæst ekki, þá úr jarðabókarsjóðnum, með
því skilyrði að borga 4 af 100 í leigur á ári og 500 rd. uppí
höfuðstólinn 4 næstu árin.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbein-
ingar, að úr jarðabókarsjóðnum verður ekki tekið fè til láns, án
þess fengið hafi verið leyfi til þess með fjárhagslögnum, en að
stjórnarráðið hinsvegar ekki hefir neitt á móti því, að fengið
verði lán í þessu skyni hjá einstökum mönnum eða af efnum
opinberra stofnana með þeim kjörum, sem þér hafið vikið á.